Sþ. **685. Breytingartillögur** [42. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1949.

I. Frá *Skúla Guðmundssyni, Hannibal Valdimarssyni, Sigfúsi Sigurhjartarsyni, Páli Þorsteinssyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*

Við 3. gr.

a. Við A. 3. (Áfengisverzlun ríkisins).

Aftan við liðinn komi svo hljóðandi athugasemd:

Enginn viðskiptamaður má njóta sérréttinda hjá verzluninni, hvorki um verðlag á áfengi né annað, nema ákveðin séu í lögum.

b. Við A. 4. (Tóbakseinkasala ríkisins).

Aftan við liðinn komi svo hljóðandi athugasemd:

Enginn viðskiptamaður má njóta sérréttinda hjá verzluninni, hvorki um verðlag á tóbaki né annað, nema ákveðin séu í lögum.

II. Frá *Gunnari Thoroddsen, Sigurði Bjarnasyni, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Hermanni Jónassyni.*

Við 15. gr. A. IX. (Skáld, rithöfundar og listamenn).

1. Við a. (Grunnstyrkir).
   Fyrir „150 000“ kemur ........................................ 173 000
2. Við b. (Verðlagsuppbót).
   Fyrir „300 000“ kemur ........................................ 346 000

III. Frá *Hermanni Jónassyni, Birni Ólafssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Einari Olgeirssyni.*

Við 22. gr. XV. Nýr liður:

Að veita Helga Hjörvar skrifstofustjóra ársleyfi frá starfi með launum, er hann hefur unnið full 20 ár við útvarpið.